



## STARFSKJARASTEFNA FYRIR ÖLGERÐINA EGILL SKALLGRÍMSSON HF (Ölgerðin)

### 1. gr. Tilgangur og markmið.

Starfskjarastefna Ölgerðarinnar er sett samkvæmt 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hún byggir á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja og tekur mið af langtímahagsmunum félagsins, eigenda, viðskiptamanna og starfsmanna þess.

Með starfskjarastefnu þessari vill félagið stuðla að því að markmiðum verði náð auk þess að veita hluthöfum aukin áhrif og innsýn í stefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnenda og starfsmanna þess.

Starfskjarastefnan miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti fengið til sín framúrskarandi starfsfólk sem vinnur að verkefnum í þeim tilgangi að stuðla að velgengni félagsins.

### 2. gr. Starfskjaranefnd

Stjórn félagsins skal tilnefna þrjá menn til setu í starfskjaranefnd. Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Haft skal að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafréttissjónarmiðum.

### 3. gr. Umfang og endurskoðun.

Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnar félagsins, forstjóra og stjórnenda. Skal stjórn félagsins ásamt starfskjaranefnd fylgjast með að starfskjör hjá félaginu séu innan ramma starfskjarastefnunnar. Starfskjarastefnan skal tekin til endurskoðunar og samþykktar af stjórn ár hvert og síðar lögð fyrir aðalfund.

### 4. gr. Starfskjör stjórnarmanna.

Þóknun stjórnarmanna skal ákveða á aðalfundi ár hvert, svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um stjórnarlaun fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þeim tíma sem varið er til stjórnarstarfa og afkomu félagsins.

## **5. gr. Starfskjör forstjóra.**

Starfskjör forstjóra skulu byggjast á ráðningarsamningi. Grunnlaun og aðrar greiðslur til forstjóra skulu ávallt vera í samræmi við það sem gerist á markaði og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans. Önnur starfskjör skulu vera svo sem tíðkanleg eru hjá sambærilegum félögum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof og uppsagnarfrestur.

Grunnlaun forstjóra skulu endurskoðuð árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati stjórnar á frammistöðu forstjóra, þróun launakjara almennt á markaði og hliðstæðum félögum og afkomu félagsins.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

## **6. gr. Starfskjör æðstu stjórnenda.**

Forstjóri ræður framkvæmdastjóra og aðra æðstu stjórnendur félagsins. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til þeirra skal taka mið af menntun og reynslu starfsmanns, ábyrgð og umfangi starfsins.

## **7. gr. Aðrir starfsmenn.**

Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skulu framkvæmdastjórar einstakra sviða taka mið af ofangreindum reglum eftir því sem á.

## **8. gr. Upplýsingagjöf.**

Á aðalfundi félagsins er gerð grein fyrir kjörum stjórnarmanna og eftir atvikum forstjóra félagsins og stjórn skýrir frá framkvæmd áður samþykkrar starfskjarastefnu. Hafi verið vikið frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn félagsins færa slík frávik til bókar í fundargerðabók ásamt rökstuðningi og gera næsta aðalfundi grein fyrir slíkum frávikum.

## **9. gr. Kaupaukar til æðstu stjórnenda.**

Heimilt er að greiða æðstu stjórnendum félagsins kaupauka í formi reiðufjár á grundvelli sérstakra áætlana þar um sem stjórn félagsins ákveður. Skulu kaupaukar miðast við frammistöðu viðkomandi starfsmanns, afkomu félagsins, mikilvægra áfanga í rekstri og starfsemi félagsins, þ.á.m. hvort settum markmiðum hefur verið náð. Kaupaukagreiðslur forstjóra eru ákvarðaðar af stjórn. Kaupaukagreiðslur annarra starfsmanna eru ákvarðaðar af forstjóra.

Skal félaginu heimilt að fjármagna að hluta til eða í heild kaup æðstu stjórnenda félagsins á hlutum í félaginu, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar og á grundvelli skilmála sem stjórn samþykkir.

**10. gr. Samþykkt starfskjarastefnu.**

Þessi starfskjarastefna Ölgerðarinnar er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess, mæli lög ekki fyrir um annað og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að framan. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins með eða án breytinga.

Þannig samþykkt á aðalfundi

Reykjavík, í júní 2020